

Íllgresi

Málgagn-Ungra vinstri grænna 2008



Hvað er Íllgresi?

Sérhver jurt er vex frjáls og fögur í íslenskri náttúru, ekki vegna áhrifa mannsins heldur honum aðeins til yndisauka, er íllgresi. Nánast öll flóra Íslands er skilgreind sem íllgresi ef hún kemur inn fyrir skilgreind lóðamörk og inná ræktað land. Ástæða þess að falletum blómum er gefið nafn sem gefur í skyn að þau séu ill er að þeir sem ráða innan lóðamarkanna sjá þau sem óreiðu innan kerfisins, ógn við ríkjandi skipulag og þeirra eigin ríkjandi skilgreiningar og skoðanir á því hvað er gott og æskilegt.

Íllgresi eru blóm sem lúta ekki reglum mannsins heldur ögra þeim, þau spretta upp án leyfis frá kóngi eða presti og þau blómgast jafnvel við erfiðustu aðstæður, á skjóllausum berangri með fáa nágranna nema urð og grjót. Maðurinn ræður ekki yfir þeim og því reynir hann að rífa þau upp. Hann reynir að eittra fyrir þeim, sökkva þeim, trampa á þeim, hann rífur þau upp með rótum og fleygir þeim á haugana. En hann hefur þó ekki erindi sem erfiði. Þau eru of mörg og þau eru of sterk. Þau eru villt og fjölbreytileg, frjáls og óheft. Menn geta reynt eins og þeir vilja, en það verða alltaf til frjáls blóm sem teygja blöð sín og krónu sjálfstæð og sterk til himins.

Hver er félaginn?



Júlíana

Heimahagar?

Upphaflega Reykjavík, en núna bý ég á Vaði í Skriðdal og er með annan fótinn á Egilsstöðum.

Starf/nám?

Nemandi í ME.

Hvað fyllir þig baráttuanda?

Óréttlæti og fökkings kapitalisminn!

Er það minn eða þinn sjóhattur?

Það er okkar sjóhattur!

Á hvað trúir þú?

Ég trú á frið og réttlæti, ást og hamingju. Aðhyllist engin trúarbrögð og er ekki meðlimur í þjóðkirkjunni.

Hvaða sögufrægu persónu myndirðu vilja keppa við í Singstar?

Adolf Hitler...

Áttu George Foremann grill?

Nauts!

Draumadjobbidd?

Húðflúrur, grafísk hönnun, ljósmyndun og að opna kósý kaffihús eða veggí veitingastað.

Kanntu þjóðsönginn?

Neeei. Ég kunní hann, en gleymdi honum síðan...

ÍLLGRESI
MÁLGAGN UNGRA VINSTRI GRÆNNA
1. TÖLUBLAÐ, 1. ÁRGANGUR

ÚTGEFANDI:

Ung vinstri græn

RITSTJÓRN OG ÁBYRGÐ (ritstjorn@vinstri.is):

Eliás Jón Guðjónsson

Finnur Dellsén

Steinunn Rögnvaldsdóttir

UMBROT:

Eliás Jón Guðjónsson

MYNDVINNSLA:

Eliás Jón Guðjónsson

Finnur Dellsén

FORSÍÐUMYND:


Eliás Jón Guðjónsson

PRENTUN:



Prentað efni





„Það er oft sagt að ungt fólk á Íslandi hafi ekki áhuga á stjórnmálum og sé skeytingarlaust um samfélagsmál en þetta er bara kjánaleg mýta.“

AUÐUR Á ALÞINGI

Auður Lilja Erlingsdóttir er á sínu öðru starfsári sem formaður Ungra vinstri grænna. Hún er einnig fyrsta varaþingkona í Reykjavíkurrkjördæmi suður og hefur komið tvisvar sinnum á þing á kjörtímabilinu, fyrst í nokkra daga í júní en síðan í heilan mánuð í nóvember. Við báðum hana um að deila með okkur reynslu sinni af Alþingi.

– *Hvaða væntingar hafðir þú til þingkonustarfsins?*

Þegar ég kom inn á þing í fyrra skiptið vissi ég að ég yrði bara nokkra daga og gerði mér því litlar vonir og reiknaði ekki með að koma miklu í verk. Ég leit frekar á þetta sem tækifæri til að læra, kynna mér starfsemi Alþingis og sjóast aðeins í þessum bransa. Það var svo bónus að ég náði meira að segja að flytja „jómfrúarræðu“ – fyrstu ræðuna

mína á þingi – sem ég er mjög stolt af miðað við hvað ég var stutt inni.

– *Kom eitthvað sérstakt þér á óvart?*

Já, það kom mér á óvart hversu vel var tekið á móti mér. Þingmenn og ráðherrar úr öllum flokkum heilsuðu alúðlega og óskuðu mér til hamingju. Ég áttaði mig fljótt á því að sá rosa-legi rígur sem virðist vera á milli þingmanna úr ólíkum flokkum er ekki sanngjörn mynd

af samskiptum inni á þingi. Hin raunverulegu átök og deilumál eru að mestu skilin eftir í ræðustólnum. Og auðvitað sýna fjölmiðlar helst frá þeim umræðum þar sem mest er rifist. Það er því ekkert skrítið að margir haldi að þingmenn séu stöðugt að þræta, en raunin er að oft á tíðum ríkir mikil ró yfir umræðum um þingmál.

– *Hvernig er vera ung kona á Alþingi?*

Ég tók ekki eftir því að komið væri fram við mig á annan máta en aðra þingmenn nema kannski það að Össur bloggar bara um unga karlmenn sem koma inn sem varaþingmenn en aldrei um ungar konur... Nei nú lýg ég, ég tók ekki eftir því heldur var mér bent á það. Ég held hins vegar að ég þurfi að byrja að taka í nefið til að verða fullgild í þingmannahópnum. Það er mikil neftóbaksmenning inni á þingi.

Spurt um kristilegt siðgæði

– *Þú lagðir fram fyrirspurn til menntamálaráðherra. Segðu okkur frá því.*

Ég spurði hana um ákvæðið um kristilegt siðgæði í grunnskólalögum og ég verð að játa að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með hina formlegu umræðu á þinginu. Þorgerður Katrín talaði lengi en svaraði fáu. Þeir fáu aðrir sem tóku til máls voru allir utan einn mjög hlyntir tengslum skóla og kirkju. Einn þingmaður fullyrti jafnvel úr ræðustól að að siðgæði kristinna væri einfaldlega annað en fólks sem aðhyllist önnur eða engin trúarbrögð. Þrátt fyrir þetta þá hafði ég lúmskt gaman af umræðunni í kringum þetta á þinginu. Ég varð til dæmis vitni að spaugilegu samtali nálægt mér skömmu áður en fyrirspurn mín var tekin fyrir. Einn þingmaður spurði sessunaut sinn með mikilli fyrirliitningu hvort að búið væri að taka fyrir þessa fáránlegu fyrirspurn um kristilegt siðgæði. Sessunauturinn svaraði: „*Nei, hún situr þarna fyrir framan þig heiðinginn og bíður*“.

– *Það skapaðist nokkur umræða þessu tengd úti í*

þjóðfélaginu í framhaldinu, ekki satt?

Jú, meira að segja nokkuð heit umræða og mér fannst hún að mörgu leyti ágæt. Mér finnst þó þráðurinn full stuttur í mörgum þegar rætt er um tengsl skóla og kirkju, eða aðskilnað ríkis og kirkju. Sumir, sérstaklega trúað fólk innan þjóðkirkjunnar, virðast taka slíkri umræðu sem árás á trú þeirra, sem er mjög leitt. Það hver tengsl ríkisins eða opinberra skóla við þjóðkirkjuna eiga að vera er allt önnur umræða en það hvað mér finnst um kristin trúarbrögð eða trúarbrögð yfir höfuð. Trúað fólk, jafnvel stoltir meðlimir í þjóðkirkjunni, getur verið hlynt aðskilnaði ríkis og kirkju og talið að ekki eigi að stunda trúboð í skólum.

Ungt fólk hafi meiri áhrif

– *Hefur ungt fólk næg áhrif í samfélaginu?*

Ungt fólk á Íslandi hefur allt of lítil áhrif. Það er oft sagt að ungt fólk á Íslandi hafi ekki áhuga á stjórnámum og sé skeytingarlaust um samfélagsmál en þetta er bara kjánaleg mýta. Fullt af ungu fólki er mjög áhugasamt um samfélagið, er virkt í stjórnámum, tekur afstöðu til málefna og lætur þau sig varða. Eldra fólk gerir hins vegar oft lítið úr ungu fólki og virðir álit þess að vettugi. Nærtækt dæmi um þetta er þegar að Reykvíkingar mótmæltu valdagræðgi og spillingu í tengslum við meirihlutaskiptin í borginni í lok janúar. Á mótmælunum veittust eldri Sjálfstæðismenn að ungu fólki úr röðum mótmælenda, sögðu því að þegja, töluðu niður til þess og kölluðu unga fólkið krakkabjána og líktu þeim við Hitlersæskuna. Svona framkoma sem einkennist af algjöru virðingarleysi er ekki til þess fallin að ungt fólk telji sitt álit vel þegið. Það er ekkert skrítið að ungt fólk gefist upp á að reyna að hafa áhrif þegar álit þess er lítils virt. Þetta er eitt af því sem ég og félagar mínir í Ungum vinstri grænum erum að reyna að breyta.

– *Hvað er á döfnni hjá Ungum vinstri grænum? Að bjarga heiminum að sjálfsögðu.*

Frelsi til

Þegar Frakkar afnumu konungsveldið í byltingunni 1789 með slagorðunum „frelsi, jafnrétti, bræðralag“ voru það vinstrimenn en ekki hægrimenn sem héldu á lofti frelsishugsjóninni. Þótt okkur finnist það kannski skrýtið núna var það ekki fyrr en á 20. öld sem hægrimenn tóku frelsishugtakið í gíslingu og fóru að nota það í annarri merkingu.

Frelsi til að kúga eða undan kúgun

Frelsi er að vera laus undan afskiptum og valdbeitingu hins sterka, þess sem ræður hverju sinni. Í gamla daga var það konungurinn, einvaldurinn, sem beitti valdi sínu og kúgaði flestalla þegna sína. Þess vegna var fyrsta krafan í frönsku byltingunni einmitt þetta dýrmæta frelsi undan kúgun konungssins og aðalsmanna. Í dag eru það á hinn bóginn fyrst og fremst þeir sem eiga fyrirtækin og stjórnarn þeim sem beita valdi til að ná fram vilja sínum. Þess vegna er það rökrétt að það sem áður var frelsi undan konungbornum einvaldi sé nú frelsi undan valdi stórfyrirtækja og eigenda þeirra. Þetta er frelsi til vinstri.

Frelsi hverra?

Hitt frelsið – frelsi hægrimanna – er í hraun og sanni frelsi þeirra valdamiklu til að skerða frelsi allra annarra. Launaleynd er ágætt dæmi. Hægrimenn vilja að fyrirtæki

geti samið við starfsfólk sitt um að starfsmönnum sé bannað að gefa upp hvað þeir hafa í laun. Þeir nota þau rök að fyrirtækin eigi að hafa frelsi til að krefjast launaleyndar af starfsfólki sínu. Fyrir utan það að í skjóli slíkrar launaleyndar þrífst kynbundinn launamunur,



þá er þetta gott dæmi um að hægrimenn vilja að þeim sem hafa yfirhöndina – atvinnurekendum – eigi að vera frjálst að skerða frelsi starfsfólks til að segja frá launum sínum. Vinstrimenn segja á hinn bóginn að hvorki fyrirtæki né einstaklingar eigi að geta notað fjárhagslega yfirburði til að takmarka frelsi annarra – sem í þessu tilviki er raunar sjálft málfrelsið.

„Þess vegna er það rökrétt að það sem áður sé nú frelsi undan valdi stórfyrirtækja og

Vinstri

Annað dæmi er það þegar hægrimenn Amast við sköttum og samfélagslegum rekstri. Það er að vísu alveg rétt hjá þeim að þegar hátekjufólk þarf að borga skatta til að hjálpa til við að reka sameiginlegt heilbrigðiskerfi fyrir alla þjóðina, svo dæmi sé tekið, þá er frelsi þeirra minna en áður. Hátekjufólkið hefur þá ekki möguleika á að kaupa jafn dýra jeppa eða jafn stórt hús. En á móti kemur að frelsi allra annarra í samfélaginu eykst: Ef hátekjufólkið borgaði ekki hærrí skatta en fólk á lægri tekjum er ekki víst að þeir síðarnefndu hefðu frelsi til að brauðfæða fjölskyldu sína, fara til læknis, ganga í skóla og svo framvegis. Á nákvæmlega sama hátt og það er frelsi að geta keypt dýrari jeppa, er það líka frelsi að gera allt það sem þeir tekjulægri geta ekki gert í dag.

Jafnt frelsi!

Kjarni málsins er sá að frelsi er í mörgum tilvikum takmörkuð auðlind. Þegar frelsi eins eykst skerðist stundum frelsi annars. Í réttlátu samfélagi er frelsinu auðvitað skipt sem jafnast milli allra. Þess vegna er það mikill misskilningur að frelsi og jöfnuður fari ekki saman; í reynd er frelsi bara eitt af því sem jöfnuður ætti að ná til.

Fyrir byltinguna í Frakklandi var konungurinn mjög frjáls, enda áttu allir Frakkar að fara að vilja hans í einu og öllu. Konungarnir gátu gert það sem þeim sýndist og fóru



oft í langa, kostnaðarsama og tilgangslausa herleiðangra, að því er virðist til þess eins að sýna styrk sinn fyrir öðrum konungum, á meðan að þjóðin svalt heilu hungri. Á Íslandi er að vísu enginn konungur lengur, í staðinn eru komnir viðskiptajöfrar sem eru í sömu stöðu: Þeir geta nú nýtt sér frelsið á kostnað þeirra sem hafa lægri tekjur.



Finnur Dellsén

...var frelsi undan konungbornum einvaldi eigenda þeirra. Þetta er frelsi til vinstri.“



Hver er félaginn?



Daniel Haukur

Heimahagar?

Porlákshöfn sem er staðsett í Ölfusi.

Starf/nám?

Vinn í versluninni Kjarval og stunda nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Á hvað trúir þú?


Ég trúi á frið og jafnrétti og allt það góða í heiminum.

Uppáhaldspólitikus?

Ögmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir og Svandís Svavarsdóttir.

Svipmyndir úr starfinu

Hver er félaginn?



Claudia

Heimahagar?

Í grænu umhverfi í Hlíðunum.

Starf/nám?

Er í mastersnámi í þýðingafraeðum við HÍ og vinn á sambýli fyrir geðfatlaða.

Hvað fyllir þig baráttuanda?

Heimurinn eins og hann er í dag og endalaus trú á því að hægt sé að breyta honum til hins betra.

Hvaða bók ertu að lesa?

Flugdrekahlauparann eftir Khaled Hosseini og nýútkomna ævisögu Ulrike Meinhofs eftir Jutta Dittfurth. Auk fjölda námsbóka, að sjálfsgöðu.

Á hvað trúir þú?

Á mig.

Ipod eða plötuspilari?

Plötuspilari, ekki spurning.

Uppáhaldspólitíkus?

Rudi Dutschke.

Var þér boðið í afmælisveisluna hans Jóns Ásgeirs?

Nei, ég slapp.



Ipod eða plötuspilari?

Ipod, það er svo erfitt að burðast með plötuspilarann.


Hvaða sögufrægu persónu myndirðu vilja keppa við í Singstar?

Boris Jeltsín, fyrrverandi Rússlandsforseta og við myndum taka eitthvað hresst og skemmtilegt, t.d. Karma Chameleon!

Draumadjobbidd?

Leikari.

Í KLÓM



Fjölmiðlar eru oft kallaðir fjórða valdið. Þar er vísað til þess að þeir séu viðbót við hina hefðbundnu þrískiptingu ríkisvaldsins í framvæmdar-, dóms- og löggjafarvald vegna þess hve mikil áhrif þeir hafa á lýðræðislega umræðu. Undanfarin 17 ár hefur Sjálfstæðisflokkurinn, með stuðningi þriggja mismunandi flokka, haft bæði framkvæmdar og löggjafarvaldið í sinni hendi. Allan þennan tíma hefur Sjálfstæðisflokkurinn stjórnað dómsmálaráðuneytinu og þar með skipun dómara. Því er ekki óeðlilegt að ætla að dómsvaldið sé einnig komið í hendur flokksins hvers einkennismarki er ránfugl. En hvað með fjórða valdið, er það enn frjálst og óháð eða hefur ránfuglinn einnig læst klóm sínum í það?

Af fimm ritstjórum stærstu dagblaðanna þriggja hafa þeir verið formenn ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík og einn af þeim tveimur sem eftir standa hefur verið formaður Sjálfstæðisflokksins. Svo virðist sem fréttastofa útvarps sé eina fréttastofan sem er ekki beinlínis stjórnað af þekktum hægrímönnum. Er fjórða valdið í klóm ránfuglsins? Hvað finnst þér?

ÍM RÁNFUGLSINS

Yfirmenn á helstu fréttamiðlunum á Íslandi

Fréttablaðið

Þorsteinn Pálsson er annar tveggja ritstjóra. Hann var formaður Sjálfstæðisflokksins 1983-1991, forsætisráðherra 1987-1988, sjávarútvegsráðherra 1991-1995, dóms- og kirkjumálaráðherra 1995-1999 og þingmaður Sjálfstæðisflokksins til 1999.

Jón Kaldal er einnig ritstjóri. Hann hefur ekki lýst opinberlega yfir stuðningi við nokkurn flokk, en leiðaraskrif hans bera það óneitanlega með sér að hann sé talsvert langt til hægri í pólitík.

Björgvin Guðmundsson er ritstjóri Markaðarins, viðskiptablaðs Fréttablaðsins. Hann var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, í tvö ár um síðustu aldamót og er nú einn helsti stuðningsmaður Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

24 stundir

Ólafur Þ. Stephensen sem var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, á tíunda áratugnum. Hann var áður aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins undir ritstjórn Styrmis Gunnarssonar.

Morgunblaðið

Ritstjóri: Styrmir Gunnarsson Hann var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, á yngri árum og er þekktur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins enn í dag. Morgunblaðið hefur í gegnum tíðina stutt Sjálfstæðisflokkinn.

Fréttastofa Stöðvar 2

Fréttastjóri: Steingrímur Sævarr Ólafsson Hann var fjölmiðlafulltrúi Halldórs Ásgrímssonar þegar Halldór var forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins.

Fréttastofa sjónvarps

Yfirmaður fréttanna: Elín Hirst Hún er þekkt stuðningskona Sjálfstæðisflokksins og var meðal annars á framboðslista Vöku í Háskóla Íslands á meðan hreyfingin afneitaði ekki tengslum sínum við Sjálfstæðisflokkinn. Hún hefur auk þess mikil tengsl við marga áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum.

Fréttastofa útvarps

Yfirmaður fréttanna: Óðinn Jónsson Hann tók við stöðunni eftir talvert umrót. Auðunn Georg Ólafsson var upphaflega ráðinn í stöðuna en ráðningin var gagnrýnd á þeim forsendum að Auðunn Georg hefði verið ráðinn vegna tengsla við Framsóknarflokkinn. Vegna mótmæla fréttamanna tók Auðunn ekki við stöðunni.

Fleira en bara málþóf og mólótoy



Stjórnmal snúast um fleira en bara málþóf og mólótovkokteila. Sagt er að penninn sé öflugri en sverðið. En það gildir um fleira, til dæmis gítarinn og hljóðnemann því margar af stærstu þjóðfélagsbreytingum undanfarinna ára hafa verið gerðar á friðsam-an hátt með tónlistina að vopni. **Þórhildur Halla Jónsdóttir** tók saman lista yfir nokkur róttæk og pólitísk lög sem innihalda skilaboð eða sögur til hlustenda og eru ádeilur á samfélagið, stríð og óréttlæti.

The Clash

Eitt af því fyrsta sem mér dettur í hug þegar talað er um pólitíska rokktonlist er hljómsveitin **The Clash**. Á fyrstu plötunni þeirra, **The Clash**, má t.d. finna lagið **I'm So Bored With the U.S.A.** sem fékk ekki að vera með á bandarísku útgáfu plötunnar af augljósum ástæðum. Eitt lag sem ég vil benda sérstaklega á er **Know Your Right**, þar sem **Joe Strummer** syngur um borgaraleg réttindi.

Rage Against the Machine

Rage Against the Machine er önnur rokkhljómsveit sem allt pólitískt þenkjandi ungt fólk verður að þekkja. Í raun má taka hvaða lag sem er úr þeirra digra sjóði. Í þeim öllum má finna ádeilu á og ásakanir í garð ríkisstjórnar Bandaríkjanna. Eftir árásirnar á World Trade Center 11. september 2001 var öll þeirra tónlist bönnuð í bandarísku útvarpi.

Bruce Springsteen

Ghost of Tom Joad eftir **Bruce Springsteen** er rólegt trúbadorslag um aðalsögupersónu skáldsögunnar Þrúgur reiðinnar eftir **John Steinbeck**. Fjölskylda hans er rekin af heim-

ili sínu, í Oklahoma í Bandaríkjunum, þar sem þau leigja og rækta land vegna þess að vinnuvélar eru hagkvæmari kostur en leigjendur fyrir landeigendurna. Þau stefna til fyrirheitna landsins, Kaliforníu, eins og svo margir aðrir í þeirra sporum. En ferðin er þyrnum stráð og þau eru alls ekki velkomin af heimamönnum. Á „cover“-plötunni **Renegades** með **Rage Against the Machine**, er þetta sama lag að finna í mun rokkaðri bún- ingi.

Atari Teenage Riot

Sick to death með **Atari Teenage Riot** sem var sótbölvandi teknótrío frá Berlín. Öll platan **Future of War** er full af mótþróa og reiði í garð samfélagsins, en þar má finna lög eins og **Fuck All, You Can't Hold Us Back!!!!!!!!!!!!** og **Deutschland (Has Gotta Die!)**. Allir sem fíla hrátt, hart og gríðarlega reitt old-school teknó ættu að tjékka á þessu.

Rakim

Casualties of War með bandaríska rapparanum **Rakim**. Textinn fjallar um hermann í fyrra Íraksstríðinu sem missir tókin í öllum

hyllingnum, drepur yfirmann sinn og er illa ruglaður þegar heim er komið. Textinn passar jafn vel við það stríð sem er í gangi í Írak núna. Sagan endurtekur sig.

Loop Troop

Ambush in the Night með **Loop Troop** sem er sænsk rappgrúppa. Textar þeirra eru á ensku, mjög pólitískir og fjalla um ýmis hitamál í samfélaginu. Þetta lag er um graffití. Í ljósi „veggjakrotsárásarinnar“ á Laugarveginn í byrjun árs þá valdi ég þetta lag með þeim, því graffití er ekki alltaf tilgangslaust skemmdarverk heldur er oft um listaverk að ræða sem mikil vinna hefur farið í, eða hvöss skilaboð til vegfarenda um þjóðfélagið.

Óðmenn

Það kallast að koma sér áfram með **Óðmönnum**. Lag á tvöfaldri plötu sem bar nafn hljómsveitarinnar og kom út árið 1970. **Óðmenn** eru án efa meðal bestu íslensku hljómsveita fyrr og síðar. Lagið fjallar um lífsgæðakapphlaup, eiginhagsmunasemi og firringu.

Svavar Knútur

Mengum Ísland eftir **Svavar Knút** sem er í hljómsveitinni **Hraun**. Það má ekki gleyma náttúrunni og mikilvægi þess að vernda hana gegn niðingsskap. **Mengum Ísland** er hnyttíð háð sem maður bókstaflega verður að syngja með.

U2

Sunday Bloody Sunday með **U2** er af plötunni **War** og fjallar um þá skelfilegu atburði sem áttu sér stað í bænum Derry á Norður Írlandi 30. janúar árið 1972 þegar breski herinn hóf skoðtrið á friðsama kröfugöngu fyrir sjálfstæði. 26 manns urðu fyrir skoti, þar af létust 14. Um þennan atburð var gerð kvikmyndin **Bloody Sunday** sem kom út árið 2002. Sú mynd er skyldu-áhorf.

Leonard Cohen

Everybody Knows með **Leonard Cohen**. Það er svo mikill broddur í þessu lagi og það er í svo miklu uppáhaldi að ég varð að nefna það.

Bob Dylan

Platan **The Times They Are a-Changin'** með **Bob Dylan** inniheldur mjög beinskeytt lög sem segja sögur um glímu einstaklinga við fátækt, rasisma og félagslegar breytingar. Mér fannst of erfitt að ætla að velja bara eitt lag af þeirri plötu.

Marianne Faithfull/John Lennon

Working Class Hero eftir **John Lennon**. Án efa hefur hin afgerandi stéttaskipting í Englandi verið í huga hans við lagasmíðarnar. Ég vil líka benda lesendum á þetta lag í flutningi **Marianne Faithfull** á plötunni **Broken English**, en hún er alveg ótrúlega töff og sérstök söngkona.

Hjálmar

Hvaða Frelsi? með íslensku reggí-sveitinni **Hjálmu**. Rólegt og ljúft lag sem spyr hlustandann erfiðra spurninga um það hvernig sé hægt að réttlæta morð, stríð og kúgun.



STRÍÐUM

Þegar fyrir lá að Bandaríkjamenn hefðu hug á því að hverfa brott með her sinn héðan af landi fyrir nokkrum árum, vaknaði sú umræða hjá sumum að nú væri hlutverki andstæðinga hers lokið. Að til lítils væri að berjast gegn her sem hvort eð er væri farinn og það að halda starfsemi SHA áfram væri einungis dæmi um það að vera ekki í tengslum við raunveruleikann. Tíminn hefur leitt í ljós hvílík firra þessi hugsunarháttur var.

Barátta gegn her er nefnilega barátta fyrir friði. Það hvort hér á landi eru staddir hermenn eða ekki hefur ekki áhrif á afstöðu manna til friðar. Það er nefnilega grundvallarhugsun sem hér um ræðir. Það hvort menn vilja feta veg friðarins, eða styðjast við stríðstól. Þess vegna eru öll friðarsamtök ef eitthvað er mikilvægari nú,

þegar sýnilegi andstæðingurinn er að mestu horfinn. Það er nefnilega þannig að það er mun efiðara að berjast gegn hugmyndafræði en gegn ápreifanlegum fyrirbærum.


Sjálfur hef ég verið félagi í SHA frá því ég svarð 16 ára gamall. Ég hef alltaf sinnt starfinu á einhvern hátt, þó ekki væri nema að mæta á fundi og mótmæli. Fyrir nokkru ákvað ég hins vegar að rétt væri að setja meiri krafta í þetta starf. Þegar horft er yfir heiminn er nefnilega ljóst að ef einhversstaðar er þörf fyrir krafta baráttuglaðs fólks, þá er það í málefnum friðar. Sú hugsun er að verða æ útbreiddari

að ofbeldi og stríð sé eðlilegur hluti af mannlegri tilveru. Það er réttlætt með eigin hagsmunum þjóða, oftast nær öryggishagsmunum. Mannslíf skipta þá litlu líkt og milljón fallinna í Írak bera vott um.

Þeir sem taka þátt í mótmælum þekkja allir þá tilfinningu að finnast þetta brölt skipta litlu sem engu máli. Að hversu hátt sem hróp að sé, hversu mörgum spjöldum sé veifað og hversu margar greinar séu skrifaðar – allt komi fyrir ekkert og stjórnvöld fari sínu fram. Menntu hins vegar að velta því fyrir sér hvornig framferði stjórnvalda væri ef enginn

BERJUMST

EGN STRÍÐI



myndi mótmæla, veifa spjöldum, eða skrifa greinar. Hvað hefði gerst ef ekki hefði riðið alþjóðleg mótmælabylgja yfir heimsbyggðina í kringum innrásina í Írak? Væri búið að ráðast inn í Íran? Hversu margir saklausir borgarar hefðu látið lífið, ef venjulegt fólk á Vesturlöndum hefði ekki sagt skoðun sína þá?

Það er nefnilega ekkert verra en að gera ekki neitt. Þrátt fyrir að maður sjái ekki endilega beint sambengi á milli þess að sitja í Friðarhúsinu og pakka Dagfara inn og þess að mannlíf úti í heimi bjargist, þá er það hins vegar svo. Blóð þeirra sem falla í innrás sem stjórnvöld okkar styðja er á höndum okkar allra, sérstaklega þeirra sem gera ekki neitt.

Og vilji menn líta sér nær eftir verkefnum í friðarbaráttunni, þá þarf ekki annað en að horfa á frumvarp sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lagði fram um miðjan janúar. Þar kveður á um að á þessu ári verði u.þ.b. 1,3 milljörðum varið í varnarmál. Það eru tæplega eittþúsund og þrjúhundruð milljónir sem hefðu getað farið í sjúkrahús, skólamál, elliheimili, félagsstarf ungs fólks... hvaðeina sem ástæða er til að eyða fé í annað en tindátaleik norskra og danskra hermanna hér á landi. Ríkisstjórnin felur sig hins vegar á bak við óljósar hugmyndir um alþjóðlega

ógn og öryggi, hugmyndir sem enginn hendir reiður á í raun.

Það er einmitt gegn slíkum málflutningi sem friðarsinnar verða að berjast. Valdhafar heimsins eiga ekki að komast upp með moðreyk. Það er nóg komið af því að utanríkisstefna sé eftir formerkjum átaka. Sá sem hnoðar sér 100 snjóbolta á skólalóðinni er líklegri til að kasta einum slíkum en sá sem hnoðar engan. Á sama hátt er sá sem stýrir eftir stefnu ofbeldis líklegri til að beita, eða í það minnsta styðja ofbeldi og sá sem kemur sér upp vopnabúri líklegri til að nota vopn en sá sem á þau ekki.

Þeir sem starfa í friðarhreyfingunni hafa mjög einfalda hugsjón; hugsjón um frið manna í millum. Eftir fall Sovétríkjanna myndaðist tækifæri til friðsamrar utanríkisstefnu, en allt of margir stjórnálmenn eru fastir í fari kalda stríðsins og telja vígbúnað einu lausnina. Því fleiri sem vinna að friðarhugsjónum, því líklegri er að friður komist á. Svo endað sé á tilvitnun í Bubba þegar hann var ungur nýbylgjupönkari og ekki kominn á klafa stórfyrirtækjanna: „Stríðum gegn stríði – berjumst fyrir friði.“



Kolbeinn Óttarsson Proppé

FYRIR FRÍÐI

Konur



„Get ég fengið miða, annað hvort til Pakistan eða Íran?“ spurði Halla Gunnarsdóttir á ferðaskrifstofu fyrir þremur árum. „Ferðin til Írans var ódýrari, svo ég fór þangað,“ segir Halla sem er að ljúka meistaranámi í alþjóðasamskiptum og fjallar ritgerðin hennar um konur í Íran og áhrif byltingarinnar þar í landi árið 1979 á líf þeirra. Ritgerðin byggist m.a. á viðtölum hennar við íranskar konur. Brynja Björg Halldórsdóttir hitti Höllu og ræddi við hana.

-Hvað varð til þess að þú valdir þetta efni?

„Ég heillaðist af írönskum konum og þjóðinni, þeirri miklu menningarþjóð sem hún er, gestrisninni þar og vinalagheitunum. Ég fékk rosalegan áhuga á örlögum íranskra kvenna,“ segir Halla, sem hefur farið tvisvar til Írans, fyrst í mars 2005, svo í september 2007.

Konur tákmynd um stöðu þjóðfélagsins

„Mér finnst það mjög áhugavert að konur, bæði í Íran og öðrum löndum, hafa verið tákmynd þess hvar þjóðfélagið er stadd. Fyrir byltinguna vildi keisarinn nútímavæða landið og gera það vestrænt. Hann setti því bann við hefðbundnum klæðnaði og klæðnaður kvenna skipti þar mestu máli. Nútímavæðingin átti sér því að einhverju leyti stað á líkómum kvenna. Síðan kom byltingin 1979 og Íranir hættu við að verða vestrænir og urðu í staðinn íslamskir. Konurnar áttu þá að klæðast samkvæmt því og ríkisvaldið ákvað aftur fyrir konur hverju þær skyldu klæðast. Með öðrum orðum þá átti útlit og hlutverk kvenna

í samfélaginu að segja til um siðferðisstig þess. Við þekkjum þetta líka hér heima þar sem reglulega blossar upp umræða um klæðaburð kvenna og stúlkna og þá er eins og hann eigi að segja eitthvað um almennt siðferði í samfélaginu. Hlutverk kvenna er mótað af því hvernig siðferðisstig samfélagsins er. Hér heima lítum við á það sem einhversskonar samfélagslega hnignun hvernig konur og stelpur klæða sig.“

Ekki auðvelt verk að taka viðtöl

-Hvað gerðir þú á ferðum þínum til Írans?

„Í fyrra skiptið vissi ég mjög lítið um land og þjóð. Í seinna skiptið kom ég auðvitað í þeim tilgangi að taka viðtöl við konur en það var ekki auðvelt, enda er mikil ritskoðun í gangi og fylgst með öllu. Maður stígur ekki inn og hrópar: „Ég ætla að taka viðtöl!“ Fólki er hrætt við að segja ýmislegt og passar hvað það segir við hvern.“

-Hvernig förstu að?

„Ég gerði verkefnið „utan kerfis“ og sótti ekki um rannsóknarleyfi, ég skræði mig



Í ÍRAN

inn í landið sem túristi og reyndi svo að hafa uppi á konum. Það gekk sæmilega. Oftast þurfti túlk, stundum úr fjölskyldu kvennanna og því voru konurnar oft mjög smeykar við að tala. Ég tók viðtöl við 12 konur á aldrinum 31-75 ára. Flestar þeirra mundu eftir lífinu fyrir byltingu.“

Íslamskir og veraldlegir feministar

- Fannst konunum staða þeirra eftir byltinguna hafa breyst til hins betra eða verra?

„Þær skiptust eiginlega í tvo hópa sem má flokka út frá tveimur kenningum um feminisma, annars vegar íslamskan feminisma og hins vegar veraldlegan. Veraldlegu feministarnir aðhyllast aðskilnað ríkis og trúarstofnanna og berjast að miklu leyti fyrir því sama og konur á Vesturlöndum. Íslömsku feministarnir berjast í gegnum íslam og benda á það að í Kóraninum stendur ekkert um að kúga konur. Veraldlegir feministar í Íran eru reiðir og sárir út í byltinguna og finnst líf þeirra hafa verið mun betra fyrir byltinguna. Þetta eru oft menntaðar yfirstéttarkonur sem voru hálfpartinn „sigurvegarnir“ í því samfélagi sem þær bjuggu í, en með byltingunni var samfélaginu umpólað og þær enduðu sem „tapararnir“, en yfirstéttin tapaði miklu í byltingunni. Fyrir tíma byltingarinnar voru trúaðar konur, eða konur úr trúuðum fjölskyldum, einangraðar frá „þessu



siðspillta liði“ sem klæddist mínipilsnum og drakk. Eftir byltinguna hafa þær mun fleiri tækifæri og störf. Kynjaskipt þjóðfélag skapar fjölmörg störf fyrir konur enda þarf konur til að kenna konum, konur til að leita á konum á flugstöðum og svo framvegis.

Kvennabaráttan ríkisvædd

„Myndin sem við á Íslandi höfum af lífi kvenna fyrir byltinguna, er að þá hafi allt verið á uppleið; konur fengu kosningarétt árið 1963 og sett voru ákveðin fjölskyldulög sem auðveldaði þeim að sækja um skilnað. Þessi mynd segir okkur að líf kvenna þá hafi verið frábært en svo hafi byltingin komið og eyðilagt allt en staðreyndin er sú að keisarinn sem var við völd fyrir byltinguna var enginn feministi. Hann hafði engan áhuga á kvenréttindum og gerði bara það sem hentaði honum. Öll kvenréttindabarátta var á forsendum ríkisins, kvenréttindi voru hluti af nútímavæðingunni og ímynd ríkisins. Kvenréttindabaráttan var í rauninni ríkisvædd. Grasrotarhreyfingar voru þvingaðar undir ríkisstofnanir eða fulltrúar þeirra fangelsaðir. Bæði fyrir og eftir byltinguna var Íran eftirlitsþjóðfélag með vænisjúkt ríkisvald með nefið ofan í hvers manns koppi.“

Les ekki sama dagblaðið tvisvar

- Manstu eftir einhverjum gullkornum úr viðtölum þínum við íranskar konur?

„Já, þær voru margar mjög skemmtilegar. Ég

spurði eina konu sem ég talaði við hvort hún væri feministi en hún kvaðst ekki þekkja hugtakið. Eftir viðtalið spurði hún son sinn, sem túlkaði fyrir hana hvað þetta feministi væri. Sonur hennar útskýrði að feministar vilji meina að konur og karlar geti gert allt það sama. Konur geti til dæmis unnið sömu störf og karlar. Þá segir konan: „Já, ég er þannig” og skilgreindi sig strax sem feminista.

Önnur kona sem ég talaði við átti mann sem hélt framhjá henni með ritaranum sínum og hafði fluttst á brott með henni. Einhverju síðar fékk eiginmaðurinn bakþanka og hringdi í bróður eiginkonu sinnar og sagðist vilja koma aftur til hennar. Bróðir hennar hringdi í hana og tjáði hennar erindi mannsins en hún sagði bara: „Nei, segðu honum að ég lesi ekki sama dagblaðið tvisvar” og þar með kvaddi hún hann.“

Ógnin er yfirvofandi

- Hvaða áhrif hefur Íraksstríðið haft á stöðu kvenna í gömlu Persíu?

„Það er erfitt að segja. Það hefur auðvitað hræðileg áhrif á konur í Írak, eins og stríð gera alltaf. Stríð hafa oft jákvæð áhrif á atvinnuþátttöku kvenna en slæm áhrif á allt annað, ofbeldi gegn konum eykst .

Varðandi áhrif Íraksstríðsins á íranskar konur er ég ekki viss en írönsk stjórnvöld verða fyrir áhrifum að því leyti að allir vita að stríð er mögulegt, Bandaríkjamenn eru með herdeildir sínar í Írak og Afganistan, og Íran er mitt á milli þannig að ógnin vofir yfir. Íranir eru mjög stríðshrjáð þjóð. Íran og Írak áttu í stríði nánast allan níunda áratuginn. Ég held að Íranir séu tilbúnir að gera rosalega margt í stað stríðs, þar með talið að fylkja sér að baki stjórnvöldum.

Íranir eru miklir þjóðernissinnar, stundum óþægilega miklir þjóðernissinnar. Ég hugsa að ef það yrði ráðist á Íran líka, þá myndi þjóðin fylkja sér að baki leiðtoganum sem er í raun það versta sem gæti gerst, því þá væri verið að lengja valdatímabil klerkanna.“

Hver er félaginn?



Svavar Knútur

Heimahagar?

Skagafjörðurinn og Vestfirðir.

Starf/nám?

Tónlistarmaður og fristundaráðgjafi.

Hvaða bók ertu að lesa?

Úkraínska traktorssöguyfirlitið, Nafn Rósarinnar og Tár Giraffans.

Uppáhaldspólitíkus?

Adam Smith, því hann er misskildasti maður hægristefnunnar.

Ipod eða plötuspilari?

Sorri plötuspilari, en ég get ekki haft þig í vasanum þegar ég er að hjóla... Svo Ipod er það heillin.

Hvaða sögufrægu persónu myndirðu vilja keppa við í Singstar?

Atla Húnakonung og ég myndi stúta honum.

Óskamál á Alþingi?

Stóreflingu umhverfisverndar hér á landi með auknum framlögum til friðunar og landvörslu og stuðning við bættu náttúrufræðslu.

Draumadjobbidd?

Að fá að vera tónlistarmaður „full-time“ og bara semja lög og syngja.

Ung vinstri græn

Ung vinstri græn er Ungliðahreyfing Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og hefur starfað frá því í nóvember árið 2000. Allir félagar í Vinstri grænum sem eru 30 ára og yngri eiga aðild að hreyfingunni.

Markmið Ungra vinstri grænna er að vera umræðu- og samstarfsvettvangur ungs fólks í Vinstri grænum og að miðla upplýsingum um starf og stefnu flokksins til ungs fólks.

Æðsta vald hreyfingarinnar er í höndum landsfundar sem er haldinn árlega. Síðasti landsfundur var haldinn helgina 6.-7. október í Reykjavík. Landsfundurinn var mjög líflægur að vanda. Byrjað var að halda friðarstund við Laugardalshöll þar sem ársfundur NATO þingsins stóð yfir. Að henni lokinni voru flutt nokkur skemmtileg ávörp m.a. frá Stefáni Pálssyni, formanni Samtaka hernaðarandstæðinga, í tilefni NATO ráðstefnunnar og erlendum gestum landsfundarins sem að þessu sinni komu frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku. Á landsfundinum bar þó hæst að samþykkt var stefnuyfirlýsing Ungra vinstri grænna.

Öllum er velkomið að taka þátt í starfinu og eru þeir sem hafa áhuga á því hvattir til að hafa samband við stjórn Ungra vinstri grænna eða svæðisstjórnir til að koma með ábendingar, hugmyndir, greinar eða hvað eina sem fólki dettur í hug. Netang stjórnarinnar er uvg@vinstri.is.

Heimasíða Ungra vinstri grænna er www.vinstri.is þar sem finna má allar helstu upplýsingar um hreyfinguna. Einnig birtast þar reglulega greinar, ályktanir og auglýsingar um atburði og fundi. Allir eru hvattir til að kíkja á síðuna og skrá sig á póstlista Ungra vinstri grænna.

Stjórn Ungra vinstri grænna:

Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður
 Elías Jón Guðjónsson, varaformaður
 Steinunn Rögnvaldsdóttir, ritari
 Erlendur Jónsson, gjaldkeri
 Þórhildur Halla Jónsdóttir, alþjóðafulltrúi
 Andrés Rúnar Ingason
 Kristján Ketill Stefánsson
 Finnur Dellsén
 Þórunn Ólafsdóttir
 Daniel Haukur Arnarson, varamaður
 Katrín Lilja Jónsdóttir, varamaður
 Kári Páll Óskarsson, varamaður

Hafðu áhrif! Taktu þátt!

Velferð handa öllum

Á undanförunum árum hafa hinir ríku orðið ríkari og hinir fátæku fátækari. Þessari þróun þarf að snúa við áður en Ísland verður að stéttskiptu samfélagi líkt og er í Bandaríkjunum og víðar. Það verður gert með því að breyta skattkerfinu, hækka persónuafslátt og draga úr kostnaði fólks vegna heilbrigðisþjónustu, lyfja, skólagöngu og þess háttar. Fátækt er ekkert náttúrulegt mál.

Stríð er ekki lausn

Íslensk stjórnvöld hafa þátttöku í þremur stríðum á samviskunni. Fyrst var sprengjum varpað á Júgóslavíu 1999, svo var ráðist inn í Afganistan 2001 og nú stendur yfir styrjöld í Írak sem hófst árið 2003. Við höfum mótmælt öllum þessum stríðum á sömu forsendum: Stríð leysa engan vanda. Við viljum utanríkisstefnu sem grundvallast á friði og samvinnu en ekki hernaði og átökum.

Jafnrétti hefur ekki verið náð

Kynbundinn launamunur hefur ekki minnkað í á annan áratug svo neinu nemi. Að sama skapi hefur hlutfall kvenna í valdastöðum staðið í stað eða hækkað löturhægt. Margar leiðir eru til að breyta þessu, sumar betri en aðrar. Aðalatriðið er að við áttum okkur á því að það breytist ekkert af sjálfu sér, aðgerða er þörf.

Hrein náttúra og minni mengun

Undanfarin ár hefur mengandi útblástur aukist hraðast hér af öllum löndum Evrópu. Hraðast eykst útblásturinn frá bílum, sem taka líka mikið pláss því helmingurinn af landsvæði Reykjavíkur fer undir vegi og önnur umferðarmannvirki. Umhverfisvæn samgöngutæki eins og strætó þarf að bæta svo að fólk fái raunhæfan valkost við einkabílinn. Við eigum líka að hætta að reyna að leysa öll vandamál landsbyggðarinnar með virkjunum og álverum.

www.vinstri.is

